

## Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri

### Desember 2019

Þá er desember að detta inn á dagatalið og árinu fer senn að ljúka. Hér á Norðurhjaranum hefur verið einmuna veðurlíða og því hafa dagarnir verið fljótir að líða. Reyndar er frekar dimmt úti en þrátt fyrir það hefur verið gott að fara út í kennslu og leik.

Desember er alltaf mánuður spennu og fagurra fyrirheita. Það er auðvelt að hrífast með og fara af fullum krafti inn í lífsgæðakapphlaupið. Við viljum því minna okkur öll á að huga vel að þeim samverustundum sem við eigum með börnunum og nýta samveruna í að vera saman, spjalla, lesa, hugleiða og njóta.

Gleðjumst saman á aðventu, hátíð jóla og áramóta og njótum þess að veita hvort öðru hlýju.

Í skólanum gengur lífið sinn vanagang í desember. Þó er skólastarfið að einhverju leiti litað af árstímanum og þó hefðbundið nám skipti miklu máli verða ýmiskonar uppbrot í tengslum við komandi jól.

Lesturinn skiptir höfuðmálið í öllu námi og hvetjum við forráðamenn til að lesa með og/eða fyrir börnin en einnig að láta þau lesa sjálf því æfingin skapar meistarann í þessu líkt og mörgu öðru.

Á þessum tíma árs, líkt og öðrum, er afar mikilvægt að allir stundi jákvæð samskipti, sýni kurteis, umburðarlyndi í garð náungans, kærleika og gleði. Þá líður okkur öllum betur og eigum auðveldara með öll samskipti.

Við minnum á að líkt og alltaf er skólinn opinn forráðamönnum til að kíkja í heimsókn og taka þátt í skólalífinu.

**Við þökkum öllum fyrir góða samvinnu á árinu og  
höldum þrautseig áfram á nýju ári með gleði og alúðarfestu í farteskinu.  
Gleðileg jól!**

Kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,  
Eyrúnu, Helgu og Tómasi Lárusi

#### **Spakmæli um jólin**

„Vitið þið af hverju ég elska jólin? Það er ekki vegna gjafanna heldur vegna þess að jólin eru tákni kærleikans.“ Jim Davis



## Desemberskipulag árganga - helstu atriði

2.- 6. desember:

**5. desember:** Jólasöngsalur í 1.- 4. bekk

9.-13. desember:

**9. desember:** Laufabrauð á yngsta stigi í fyrstu lotu

16. - 20. desember:

**17. desember:**

Frjálst nesti og bío í 6. bekk

**18. desember:**

Spilavist á miðstigi í miðlotu

Jóladagur árganga

**19. desember:**

Félagsvist á unglíngastigi

Litlu jól í 7.-10. bekk

Jólabío hjá 1. - 2. bekk

**20. desember:**

Litlu jól í 1.-3. bekk og 4. - 6. bekk



Frístund:

Þann 20. desember er frístund opin fyrir þá nemendur sem eru skráðir frá kl. 8:45 - 16:15.

## Matartorg

Athugið að í desember sendir ritari skólans póst um matartorg. **Þeir sem vilja breyta áskriftinni þurfa að svara** þeim pósti en þeir sem halda áfram með óbreytta áskrift þurfa ekki að gera neitt.

## Eineltiskönnun Olweusar

Eineltiskönnun Olweusar verður lögð fyrir í 5.-10.bekk í fyrstu viku desember. Fyrirlögnin er rafræn og munu Helga deildarstjóri og Rakel Björk námsráðgjafi sjá um að leggja könnunina fyrir. Niðurstöður verða kynntar í janúar.

## Símafrí 9. - 13. desember 2019

Víkuna 9. - 13. desember 2019 ætla allir grunnskólar á Akureyri að hafa símafrí. Það þýðir að nemendur og starfsfólk eru ekki með síma á skólatíma og því er sniðugt að geyma símana heima eða slökkva á þeim áður en farið er í skólann og geyma þá skólatöskunni. Nemendaráð verður með hugmyndir að viðfangsefnum fyrir nemendur þessa viku en alltaf er gott að spjalla saman, spila eða kíkja út og fá sér ferskt loft.

## Jólastemning í frístund

Fimmtudaginn 12. desember n.k. kl. 14:00 - 16:00 verður opið hús í Frístund Glerárskóla. Boðið verður upp á kakó, skúffuköku, piparkökur og gæðasamveru. Allir eru velkomnir.

## Vetur, föt og endurskinsmerki

Kæru forráðamenn. Veturinn er kominn og þó ekki sé snjór er oft afar kalt úti. Það er því bráðnauðsynlegt að börnin séu klædd í góða skó, vetrarúlpu/buxur/galla, húfu og vettlinga. Þurra sokka er gott að hafa í töskunni til skiptana og bráðnauðsynlegt er að öll börn séu með **ENDURSKINSMERKI** í myrkrinu sem nú ríkir úti við.

## Litlu jólin 2019

Litlu jól nemenda verða með svipuðu sniði og undanfarin ár, þrískipt, dagana 19. og 20. desember n.k.

Allir mæta þá í sínu fínasta þússi, við göngum í kringum jólatré, syngjum jólasöngva og nemendur og umsjónarkennarar eiga saman góða stund.

Nemendur mæta í heimastofur og eru litlu jól sem hér segir:

7.- 10. bekkur - fimmtudagskvöldið 19. desember kl. 19:30 - 21:00

1.- 3. bekkur - föstudagsmorgun 20. desember kl. 8:15 - 9:45

4. - 6. bekkur - föstudagsmorgun 20. desember kl. 9:30 - 11:00

Nemendur í 4. bekk sýna helgileik á báðum litlu jólunum þann 20. desember og hver veit nema kampakátir jólasveinar kíki í heimsókn.

Að loknum litlu jólum eru nemendur komnir í jólafrí en eins og áður sagði er frístund opin til 16:15 fyrir þá sem þar eru skráðir þann 20. desember.

### Skólastarf í desember

Við ítrekum að desember er venjulegur mánuður í skólastarfinu og því þurfa nemendur að mæta með öll sín gögn líkt og vanalega

## Það helsta í desember 2019 og janúar 2020

19. desember: Litlu jólin í 7. - 10. bekk  
20. desember: Litlu jólin í 1. - 3. bekk og 4. - 6. bekk  
21. desember 2019 - 2. janúar 2020: Jólafrí nemenda

---

3. janúar 2020: **Skóli samkvæmt stundaskrá**  
27. janúar 2020: Skipulagsdagur  
28. - 29. janúar 2020: Viðtalsdagar

## Jólafröndur foreldrafélagsins

Laugardaginn 30. nóvember verður jólafröndur Foreldrafélagsins í Glerárskóla. Fröndrið hefst kl. 11:00 og stendur til kl. 13:00 en 10. bekkingar verða með fjáröflun og selja heitar og ylmandi vöflur. Hvetjum alla til að koma og eiga gleðilega samverustund með börnunum.

## Glerárvision 2019

Glerárvision 2019 var haldin með glæsibrag að morgni 29. nóvember. Atriði nemenda voru í einu orði frábær og umræðan á götuhorninu segir að um bestu Glerárvision hafi verið að ræða frá upphafi.

Vinningshafar Glerárvision 2019 voru 10-RLB með lagi Achy Breaky Heart (Billy Ray Cyrus), og óskum við þeim hjartanlega til hamingju. Í 2. sæti varð 9-SV og í þriðja sæti 9-AGJ og 8-KJ, frábær árangur.

Innilega til hamingju með frábæra Glerárvision.

## Á nýju ári

**SKÓLAHALD Í GLERÁRSKÓLA ÁRIÐ 2020 HEFST FÖSTUDAGINN 3. JANÚAR 2020  
SAMKVÆMT STUNDASKRÁ.**

## Jólafröndur

Glerárskóli óskar forráðamönnum og nemendum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Kærleikskveðja,  
Starfsfólk Glerárskóla



Glerárskóli, v/Höfðahlíð  
603 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en  
í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666  
Netfang skólan: [glerskoli@akureyri.is](mailto:glerskoli@akureyri.is)  
Heimasíða skólans: [glerskoli.is](http://glerskoli.is)  
Facebook síða: Glerárskóli

**HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI**  
*Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst!*

